

Viðskiptareikningur við ríkissjóð

Hjá stofnunum er viðskiptareikningur við ríkissjóð færður á tegundir 13100 til 13109.

Ákveðnum viðskiptum milli stofnunar og ríkissjóðs er haldið aðgreindum eftir tegundum. Þegar staðan á þessum tegundum er tekin saman myndar hún greiðslustöðu stofnunar við ríkissjóð.

13100 Staða frá fyrra ári

Staða flutt frá árinu áður, inneign eða skuld.

Aðeins bókað hjá FJS

13101 Ríkissjóður, greiddir reikningar

Hér á eingöngu að bóka greiðslur ríkissjóðs á reikningum fyrir stofnanir sem eru í greiðsluþjónustu FJS.

Aðeins bókað hjá FJS.

13102 Ríkissjóður, launakostnaður

Hér færast framlag vegna launaliða.

Eingöngu er um að ræða vélrænar færslur í Oracle úr launakerfinu.

13103 Ríkissjóður, rekstrarfé óskipt

Hér á að bóka mótttekið rekstrarfé óskipt frá ríkissjóði. Endurgreiðsla á rekstrarfé til ríkisféhirðis og endurgreitt launaframlag færast einnig á þessa tegund.

13104 Ríkissjóður, millifærslur

Hér á að bóka ýmsan kostnað sem greiddur hefur verið af öðrum en stofnuninni svo sem ráðuneyti og FJS.

Hér skal færa m.a. millifærða húsaleigu, millifærslur vegna launa skv. bréfum launasviðs FJS, ýmis gjöld greidd af ráðuneytum en tilheyra rekstri stofnunarinnar, sérstaka endurgreiðslu á VSK vegna tölvukostnaðar, millifærslur milli stofnana í greiðsluþjónustu FJS, afslátt Ícelandair.

13105 Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs

Innheimtar markaðar tekjur hjá stofnun sem hún á að skila í ríkissjóð, tekjur sem markaðar eru öðrum.

13106 Aðrar rekstrartekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs

Innheimtar aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs af stofnun sem hún á að skila í ríkissjóð, tekjur sem eiga ekki að færast hjá stofnuninni.

13107 Markaðar tekjur, innheimtar af ríkissjóði

Innheimtar markaðar tekjur stofnunar sem hafa verið innheimtar af öðrum en stofnuninni sjálfri. Bætur greiðslustöðu við ríkissjóð.

13108 Aðrar rekstrartekjur, innheimtar af ríkissjóði

Innheimtar aðrar rekstrartekjur að öðrum en stofnuninni og skilað af ríkissjóði. Bætur greiðslustöðu við ríkissjóð.

13109 Framlög ríkissjóðs ár árinu

Hér á eingöngu að bóka framlag ríkissjóðs til fjárlagaliðarins / stofnunarinnar á árinu skv. dreifingu fjárheimilda.

Mótbókunin - tekjufærslan er á tegund 6700 sem uppgjörssvið FJS sér um að gera fyrir alla fjárlagaliði.

Á tegundir 13101 til 13109 á að bóka innan ársins.

Við upphaf næsta árs – í tímabili 00 – er stöðum á tegundunum 13101 til 13109 flutt upp á tegund 13100.

Uppgjörssvið FJS sér um að gera þær færslur.

Ávallt skal vera sama fjárhæð á tegundum 1310X hjá stofnun og ríkissjóði, með sitt hvoru formerkinu.

Efnahagsreikningur dregur sérstaklega fram hver greiðslustaða viðkomandi fjárlagaliðar / stofnunar er gagnvart ríkissjóði.

Efnahagsreikningur

Eignir	Reikningur 31.12.2012	Reikningur 31.12.2011
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímakröfur.....	0	0
Fastafjármunir samtals.....	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
→ Inneign hjá ríkissjóði.....	0	0
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar.....	0	0
Handbært fé.....	0	0
Veltufjármunir samtals.....	0	0
Eignir samtals.....	0	0
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	-46.465.848	-22.839.378
Breyting v/lokafjárlaga.....	47.575.848	23.939.378
Hagnaður/tap ársins.....	-12.334.703	-47.565.848
Höfuðstóll í árslok.....	-11.224.703	-46.465.848
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
Annað eigið fé samtals.....	0	0
Eigið fé í árslok.....	-11.224.703	-46.465.848
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals.....	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
→ Skuld við ríkissjóð.....	10.648.722	46.010.278
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	575.981	455.570
Skammtímaskuldir samtals.....	11.224.703	46.465.848
Skuldir samtals.....	11.224.703	46.465.848
Skuldir og eigið fé samtals.....	0	0

Fjárheimildir og viðskiptareikningur við ríkissjóð 31.12.2012

Fjármögnun

	Fjárlög 2012	Fjáraukalög 2012	Millifærslur 2012	Fjárheimild 2012	Flutt frá árinu 2011	Samþykkt lokafrjálög
Greitt úr ríkissjóði	108.800.000	0	-2.064.131	108.535.869	-46.010.278	47.575.848
Viðskiptahreyfingar	0	0	0	0	-455.570	0
Fjármögnun alls	108.600.000	0	-2.064.131	106.535.869	-46.465.848	47.575.848

Viðskiptareikningur við ríkissjóð

1. Eignahlíð (framlag og tekjur innheimtar af ríkissjóði)

Teg. 13100	←	Flutt staða frá fyrra ári	-46.010.278
		Breyting vegna lokafrjárlaga	47.575.848
Teg. 13109	←	Framlag ríkissjóðs	106.535.869
		Markaðar tekjur, innheimt af ríkissjóði	0
		Aðrar rekstrartekjur, innheimt af ríkissjóði	0
		Krafa á ríkissjóð	108.101.439

2. Skuldahlíð (Greiðslur sem stofnun fær frá ríkissjóði eða skuldar ríkissjóði)

Teg. 13101	←	Greiddir reikningar	-10.049.888
		Launakostnaður	0
		Rekstrarfé, óskipt	0
Teg. 13104	←	Millifærslur	-108.700.293
		Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0
		Aðrar rekstrartekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0
		Samtals viðskipti við ríkissjóð	-118.750.161
		Skuld við ríkissjóð	-10.648.722